

- d. Stéttarfélag bifreiðastjóra getur í sérstökum undantekningartilvikum, og ef verulegar ástæður mæla því með, heimilað leyfishöfum að láta aka fyrir sig um ákveðinn tíma, enda séu úthlutunarmenn því meðmæltir.
- e. Stéttarfélag bifreiðastjóra skal heimila leyfishöfum að láta aka fyrir sig á orlofstíma, þó eigi lengur en allt að 4 vikum árlega, enda lýsi leyfishafi því yfir, að hann sé að fara í orlof.

15. gr.

Vilji leyfishafi öðlast undanþágu samkvæmt 13. eða 14. gr., skal hann sækja um það skriflega til stéttarfélags bifreiðastjóra. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð leyfishafa um, að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill, að aki bifreiðinni.

Bifreiðastjórafélaginu er þá heimilt að veita undanþáguna, og skal hún vera skrifleg, tímabundin og tekið fram, hvað í henni felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur, og sýna trúnaðarmönnum stéttarfélagsins, ef þeir æskja þess.

Bifreiðastjórafélagið skal halda skrá yfir veittar undanþágur samkvæmt framsögðu.

Launþegum í útgerðarleyfum er heimilt að aka hverri þeirri bifreið, sem útgerðarleyfishafi leggur honum til hili bifreið leyfishafa, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina, og leyfi stéttarfélagsins liggi fyrir.

16. gr.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar landsins að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, skal stjórn stéttarfélags bifreiðastjóra veita undanþágu frá 1. mgr. 7. gr.

Verði viðkomandi bifreiðastjóri skipaður heldur hann atvinnuleyfi í allt að 3 ár, en að þeim tíma liðnum fellur leyfið til úthlutunar að nýju.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 445 17. september 1975.

Samgönguráðuneytið, 9. maí 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 55 20. mars 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

1. gr.

Aftan við 48. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Þó er heimilt að ísa fisk í kassa á millidekki. Ennfremur er heimilt að geyma fisk í klefum á millidekki enda hafi Framleiðslueftirlit sjávarafurða viðurkennt slíka klefa hæfa til geymslu fisks.

Hitastig í fiski um borð í fiskiskipi skal vera sem næst 0°C, en þó ekki hærra en +4°C.

Nú kemur skip með fisk til löndunar og er þá óheimilt að halda aftur til veiða, fyrir en öllum afla hefur verið landað.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. maí 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

8. maí 1979.

Nr. 221.

G J A L D S K R Á

fyrir leiðsögu við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðað við brúttórúmllestærð þess, o gþá vegalengd, sem það siglir, ásamt djúpristu þess, sem er innifalin í meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílum að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að 500 br.rúml.	kr. 1 800.00
Fyrir skip frá 500— 1000 br.rúml.	— 1 850.00
— — — 1000— 1500 — —	— 1 900.00
— — — 1500— 2000 — —	— 1 950.00
— — — 2000— 3000 — —	— 2 000.00
— — — 3000— 4000 — —	— 2 100.00
— — — 4000— 5000 — —	— 2 200.00
— — — 5000—10000 — —	— 2 500.00
— — — 10000—15000 — —	— 2 800.00
— — — 15000—20000 — —	— 3 100.00
— — — 20000—30000 — —	— 3 400.00
— — — 20000—30000 — —	— 3 400.00
— — — 30000 og þar yfir	— 3 600.00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílur, skal vera:

Fyrir skip allt að 500 br.rúml.	kr. 400.00
Fyrir skip frá 500— 5000 br. rúml.	— 500.00
— — — 5000—10000 — —	— 600.00
— — — 10000 og þar yfir	— 700.00